

Bergmenn ehf
Klængshóli
621 Dalvík

Reykjavík, 27. febrúar 2020
UST202002-130/H.H.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi - Þyrluskíðaferðir - Glerárdalur

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Bergmanna ehf, dagsett 13. febrúar 2020, vegna fyrirhugaðrar atvinnustarfsemi innan fólkvangsins á Glerárdal á tímabilinu 1. febrúar til 30. júní 2020-2024. Óskað er eftir leyfi til að nota þyrlu til að ferja skíðamenn á fjallstinda ofan Glerárdals. Ef ekki fæst leyfi til fimm ára þá sækja Bergmenn um leyfi til eins árs.

Glerárdalur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 585/2016. Umferð loftfara (t.d. þyrluflug) innan fólkvangsins sem truflað gæti gesti og dýralíf óheimil án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að nota þyrlur til að flytja skíðamenn á fjallstinda ofan Glerárdals þaðan sem þeir skíða niður á dalsbotninn og eru þangað sóttir á sömu þyrlu og flutti þá á tindana. Um er að ræða samskonar umsóknir og sendar voru inn og samþykktar árin 2017 - 2019.

Umsagnir:

Umhverfisstofnun óskaði umsagnar Akureyrarbæjar vegna umsóknarinnar. Umhverfis- og mannvirkjaráð Akureyrarbæjar samþykkir beiðni frá Bergmönnum ehf. um leyfi fyrir þyrluskíðaferðum á Glerárdal. Ráðið gerir fyrirvara um að farið verði eftir reglugerðum er gilda um vatnsverndarsvæði og að leyfið verði veitt tímabundið til eins árs.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að þyrluflugið sé ólíklegt til að hafa áhrif á gróður- eða dýralíf svæðisins enda notkunin bundin við að skíðamennska sé möguleg og þar með er svæðið undir snjó á gildistíma leyfisins. Einnig er varp fugla bundið við lægri svæði Glerárdals og því lítil hættu á truflun en til þess kemur að flogið sé með skíðafólk á fjallstinda í upphafi varps neðan snælnu.

Þyrluskíðamennska er vaxandi form útivistar og því samræmist leyfisveiting friðlýsingaskilmálum að því leiti að auknir eru möguleikar til útivistar. Þyrluflugi fylgir mikill vélagnýr og önnur áhrif. Ef marka má umsókn er ætlunin að valda ekki truflun á toppum þar sem útivistarfólk er á ferð án vélknúinna farartækja.

Mikilvægt er að fylgt verði skilyrðum sem snúa að því að takmarka ónæði fyrir aðra gesti fólkvangsins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Bergmönnum ehf, fyrir sitt leyti leyfi fyrir þyrluflugi í því skyni að flytja skíðamenn á fjallstinda á Glerárdal á sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 27. febrúar til 30. júní 2020 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Ekki skal fljúga nærri gangandi fólki og ekki skal lenda á fjallstindum þar sem fjallaskíða- eða göngufólk er á ferð.
- Starfsmenn fyrirtækisins sem koma að flugi og skíðun í Glerárdal skulu upplýstir um friðlýsingaskilmála svæðisins og skal þeim fylgt í starfsemi fyrirtækisins.
- Fylgja skal reglum sem gilda um vatnsverndarsvæði í hvívetna.
- Í lok tímabils skal skila skýrslu til Umhverfisstofnunar þar sem fram koma upplýsingar fjölda ferða og dagsetningar ferða.
- Umhverfisstofnun skal upplýst um öll frávik sem kunna að verða vegna þyrluflugs í Glerárdal s.s. mengunaróhöpp, árekstra við gönguhópa eða annað sem stríðir gegn friðlýsingarskilmálum.

Umhverfisstofnun bendir á að leyfi gæti þurft frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlandi eystra fyrir þyrlufluginu en svæðið er vatnsverndarsvæði.


Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn starfsemi og framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.



Ólafur A. Jónsson
sviðsstjóri

Virðingarfyllst



Davíð Örvar Hansson
Davíð Örvar Hansson
sérfræðingur